

# MOSFELLINGUR

9. tbl. 7. árg. föstudagur 27. júní 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



## KIRKJA OG MENNINGARHÚS RÍS Í MIÐBÆNUM

**Kirkjan á að vera þar sem fólk er**  
-segir Jón Þorsteinsson sóknarprestur

Hilmar Sigurðsson formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri undirrita viljayfirlýsingu. Með þeim standa Hreiðar Örn framkvæmdastjóri kirkjunnar, séra Ragnheiður Jónsdóttir, séra Jón Þorsteinsson, Bryndís Brynjarsdóttir formaður menningarmálanefndar, Herdís Sigurjónsdóttir formaður bæjarráðs og Hafsteinn Pálsson bæjarfulltrúi... bls.4

### EIGN VIKUNNAR


#### Víðiteigur - einbýlishús



Rúmgott 173,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúrs við Víðiteig 12 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 3 svefnherbergi og er allt fallega innréttað. Húsið stendur á gróinni og fallegri hornlóð, bílaplan og gönguleið að húsinu er hellulögð og með snjóbræðslu, garður er vel hirtur, fánastöng er á grasflöt í suðurhluta lóðarinnar. **42,9 m.**



Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Einar Páll Kjærsted, lögg. fasteignasali • [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is), [www.eignamidlun.is](http://www.eignamidlun.is)



MOSFELLSBAKARI

**Gledilegt sumar!**

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI

*Jóns B. ehf*

Flugumýri 2 Mosfellsbær  
Símar: 566 7660 og 697 7685  
[jonrett@internet.is](mailto:jonrett@internet.is)



Vottað verkstæði

CABAS  
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



# MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is  
www.mosfellingur.is

**Útgefandi:** Mosfellingur ehf.  
Skeljatanga 39, sími: 694-6426  
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Hilmar Gunnarsson  
**Blaðamaður:** Ruth Örnólfsdóttir  
ruth@mosfellingur.is  
**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur  
**Prófkörk:** Hjördís Kvaran Einarsdóttir  
**Ljósmyndari:** Magnús Már Haraldsson  
**Prentun:** Prentmet, 3500 eintök

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið  
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær  
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að  
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 22. ágúst

## Kære Nordiske venner

Skemmtileg hefð sem skapast í kringum vinabæjarsamstarf. Mosfellsbær er þáttakandi í elstu vinarbæjarkeðju á Norðurlöndum. Auk Mosfellsbæjar eru það Thisted, Uddevalla, Skien og Loimaa. Þessir frændur okkar heimsóttu okkur á dögum og fengu höfðinglegar móttökur.



Leiðin-  
legt  
hvernig  
aðalleik-  
vang-  
urinn

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

okkar að Varmá hefur drappast niður eftir glæsilegt landsmót sem haldið var á honum fyrir 18 árum. Nú er svo komið að báðir meistara-flokksþjálfararnir í knattspyrnu neyta að spila heimaleiki á honum. Þetta þarf að laga hið fyrsta enda erfitt að halda úti liðum í fremstu röð án aðstöðu.

MúsMos er nýtt fyrirbæri sem virkar vel fyrir unga fólk í Mosfellsbæ. Svo kallast útítónleikar sem haldnir voru í fyrsta sinn í Álafossvos á sólríkum sumardegi í júní. Án efa verður þessi viðburður endurtekinn enda um kjör aðstæður að ræða í Kvosinni.



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Páll Guðjónsson var sveitarstjóri Mosfellsbæjar. Páll var bæjarstjóri árin 1987-1992 og áður sveitastjóri árin 1982-1987. Hér sést hann við Brúarland þar sem verið var að gera ráð fyrir gerð undirganga og hringtorga á Vesturlandsvegi. Á minni myndinni má sjá þá Birgi Ásgeirsson, Ragnar Björnsson og Birgi D. Sveinsson við Vesturlandsveginn sem þótti hættulegur yfirverðar fyrir ma. börn á leið í skóla sem og aðra vegfarendur.



## HÉÐAN OG ÞAÐAN



# PÍLUS

MOSFELLSBÆ

Hársnyrtíng - verzlun

**Frábært tilboðshorn næstu daga  
þar sem vörur eru á 30% afslætti**

**Sniðugar hárvörur í tösku til að  
hafa með sér í ferðalagið.**

**Þverholti 2 Kjarna Mosfellsbæ S:566 6090**



## Augnakonfekt í Listasalnum

Guðmunda Jónsdóttir áhuga- ljósmyndari heldur sýningu í Listasal Mosfellsbæjar dagana 12. júlí - 2. ágúst. Ljósmyndasýningin nefnist Augnakonfekt og er opin á

venjulegum onunartíma bókasafnsins þar sem listasalurinn



er til húsa. Guðmunda er flug- freyja hjá Icelandair auk þess að vera lottókynnir hjá Íslens- kri Getspá. Guðmunda hefur vistað mikið að myndum sínum á vefinn undir slóðinni [www.flickr.com/photos/gudmunda](http://www.flickr.com/photos/gudmunda) og vonast til að allir finni eitt- hvað við sitt hæfi á sýningunni í Listasalnum. „Fyrsta mynda- vélin var gömul „kassa“ vél sem þabbi gaf mér, en hann er mikill áhugamaður um ljósmyndir og þaðan kemur áhuginn upphaf- lega, segir Guðmunda.



## Nýr fundarsalur bæjarstjórnar

Mosfellsbær hefur tekið á leigu 2. hæð í Kjarna þar sem verið er að innrétta nýjan sal fyrir bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Á hæðinni verða bæjarskrifstofur, nýr fundarsalur bæjarstjórnar, fundarherbergi, aðstaða fyrir kjörna fulltrúa auk umhverfis- sviðs. Gert er ráð fyrir að þessi aðstaða verði tekin í notkun í september.



Hugmyndir um staðsetningu kirkju og menningarhúss í miðbænum. Gert er ráð fyrir því að kirkjan rúmi 400-600 manns sem jafnframt verður tónleikasalur.

## Viljayfirlýsing um byggingu kirkju, safnaðarheimilis og menningarhúss

# Mynd komin á miðbæinn

Bæjaryfirvöld og sóknarnefnd Lágafellssóknar hafa að undanförmu undirbúið byggingu kirkju og menningarhúss. Þann 25. júní var undirrituð viljayfirlýsing þar sem Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Hilmar Sigurðsson formaður sóknarnefndar innsigliðu samstarfið.

### Samkeppni um hönnun

Markmiðið er að sambyggja og reka húsnæði sem hýsir kirkju, safnaðarheimili og menningarhús. Haldin verður samkeppni um hönnun húsnæðisins. Þegar samkeppnis- lýsingu er lokið verður gengið frá nánara samkomulagi um samstarf og rekstur. Gert er ráð fyrir því að samkeppnin verði auglýst í haust og niðurstöður liggji fyrir um áramót. Nú er unnið að þarfagreiningu fyrir húsið þar sem gert er ráð fyrir kirkju sem jafnframt verður tónleikasalur auk minni salar til tónleika- og ráðstefnuhalds. Jafnframt er gert ráð fyrir sýningarsölum fyrir ýmisskonar myndlist og sameiginlegu rými fyrir veitingastarfsemi.

Hilmar Sigurðsson formaður sóknarnefndar var sérstaklega ánægður með daginn og sagðist viss



Tölvuteikningarnar sýna hugsanlegar byggingar og þá hugmyndafræði sem liggur að baki skipulagi miðbæjarins.

um að þetta samstarf muni takast vel. „Við væntum þess að starfsemin sem þarna fer fram geti stutt hvor við aðra og útkomin verði góð.

### Kærkomið fyrir Mosfellinga

„Við höfum lengi beðið eftir þessari stund og hlökkum mikið til. Kirkjan á að vera þar sem fólk er og þar sem því líður vel. Megi birta drottins vaka yfir þessu svæði.“ sagði Jón Þorsteinsson sóknarprestur að lokinni undirritun. „Við finnum mest fyrir húsnæðisskortri í kringum ferming- ar og jarðafarir og verður þetta því kærkomið fyrir alla Mosfellinga.”

Þess má geta að Lágafellsskirkja verður 120 ára í febrúar á næsta ári.

### Blómlegt menningar- og listalíf

„Bundnar eru miklar vonir við þetta samstarf og þarna rísi glæsilegt hús fyrir blómlegt menningar- og listalíf í Mosfellsbæ. Þetta hús með öllu því lífi sem því fylgir verður án efa ein af lífæðum miðbæjarins.“ segir Haraldur Sverrisson.

Nýlega var tekið í notkun glæsilegt miðbæjartorg sem gert er ráð fyrir að tengjast muni þessum bygging- um. Auk þess sem framhaldsskóli rís brátt í miðbænum.

## KIRKJUSTARFIÐ

[www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)



### Helgihald næstu vikur:

#### 29. júní

Guðspjónusta í Mosfellskirkju kl. 11  
Sr. Jón Þorsteinsson

#### 6. júlí

Guðspjónusta í gönguferð frá Lágafellskirkju  
Nánar auglýst síðar  
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

#### 13. júlí

Söngstund á sumarkvöldi í Lágafellskirkju kl. 20  
Sr. Jón Þorsteinsson



## SÓKN Í SÓKN

### – LIFANDI SAMFÉLAG

Vertu með í sókninni!

Miðvikudaginn 2. júlí verður Böddi frá Paul Mitchell ásamt fagfólki Texture með kynningar og ráðleggingar á Paul Mitchell vörunum.

Kynning  
2. júlí

**Tilboð á Super strong og Color protect línunum !!!**



Sumaropnunartími júlí  
mán 8-13, þri-fös 8-16

TEXTURE  
há r s t o f a

HÁHOLT 23 - SÍMI 566 8500



## Hundaheimur opnar í Mosanum

Hundaheimur, sérverslun ásamt netverslun með allar almennar hunda- og kattavörur hefur opnað í Mosanum við hliðina á Mosfellsbakaríi. Fríður Esther Pétursdóttir rekur verslunina en hún hefur haldið úti netversluninni [www.hundaheimur.is](http://www.hundaheimur.is) í tæpt ár. „Hér hefur verið tekið vel á móti okkur enda mikil dýramenning í Mosfellsbæ,” segir Fríður Esther. Hundaheimur leggja áherslu á vöruúrval sem ekki er annarstaðar að finna og eru meðal annars með umboð fyrir Royal Canin og Hills fóður.



## Dýrt bensín

Nú eru reknar þrjár bensinstöðvar hér í bæ. Hvar er ódýrast að taka bensín? Hér kemur verðið hjá stöðvunum þremur, þegar blaðið fór í prentun, miðað er við sjálfsafgreiðsluverð.

### N1 við Háholt

**N1** 95 okt. 174,40 kr/ltr  
Diesel 190,20 kr/ltr

### Olís við Langatanga

**AO** 95 okt. 174,40 kr/ltr  
Diesel 190,30 kr/ltr

### Atlantsólía við Krikuhverfi

**olis** 95 okt. 174,60 kr/ltr  
Diesel 191,20 kr/ltr



## Hellisheiðarvirkjun !

Skoðunarferð verður í virkjunina, þriðjudaginn 15. júlí. Lagt af stað frá Hlaðhömrum kl. 13.00 Kaffihlaðborð í Skíðaskálanum í Hveradöllum.

Verð kr. 2.500 þ.e. akstur og kaffihlaðborð.

Skráning til 10. júlí í síma 5868014 e.hádegi og 6920814.

Motocrossbrautin á Tungumelum er ein sú flottasta á landinu

# MotoMos-brautin opnuð



Bæjarstjórinn flaggar mótörhjólamenn af stað í vígsluhring brautarinnar.

Glæsileg motocrossbraut hefur nú verið opnuð á Tungumelum. Um er að ræða eina flottustu braut á landinu. Það er MotoMos sem hefur barist fyrir aðstöðu allt frá því félagið var stofnað árið 2000. MotoMos er félag áhugafólks í Mosfellsbæ um motocross, enduro og fjórhjól.

17. júní var því mikill tíma-mótadagur fyrir vélhjólafólk í Mosfellsbæ þegar brautin var opnuð formlega. Aðgangur að brautinni er seldur á staðnum og er miðaverð eftirfarandi: félagsmenn MotoMos kr 1.500,- utanfélagsmenn 2.000,- lítil hjól 500,-.

Fyrir þá sem vilja skrá sig í MotoMos eða forvitnast nánar er bent á heimasíðu félagsins, [www.motomos.is](http://www.motomos.is)



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri segir nokkur orð áður en hann opnaði brautina formlega.



Langbráð stund rann upp fyrir marga þann 17. júní þegar brautin var opnuð.



Séð yfir brautina. Veðrið skartaði sínu fegursta á opunarhátíð MotoMos.



Valdi #270 fór fremstur í flokki í vígsluhringnum á brautinni.

## ELDRI BORGARAR





## Vinabæjarmót fór fram í Mosfellsbæ 12.-13. júní Norrænir vinir í heimsókn

Mosfellsbær er þátttakandi í elstu vinabæjarkeðju á Norðurlöndum. Mótin eru haldin til skiptis í bæjunum fimm þannig að mótin eru á 10 ára fresti í hverjum bæ. Í ár tók var Mosfellsbær gestgjafi í þriðja sinn.

Tvö sveitarfélög, Thisted á Jótlandi og Uddevalla á Skáni hófu vinabæjarsamstarf 1939. Stríðið setti framhaldið auðvitað allt úr skorðum. Það var svo sumarið 1945 að Norræna félagið og fleiri félag í Thisted söfnuðu mat og fylltu fragtskip, ms Christian, og sendu til Skien í Noregi. Norðmenn fylltu skipið með áburði og sendu til baka. Bændurnir í Thisted keyptu áburðinn og fyrir andvirðið var byggður unglingskóli og stofnaður sjóður til minna um vináttu Skien og Thisted. Þegar Sovétríkin gerðu innrás í Finnland tóku sveitarfélög í Svíþjóð finnsk sveitarfélög í fóstur, Uddevalla tók Loimaa í fóstur. Þannig varð þessi fyrsta og elsta vinabæjarkæðja á Norðurlöndum til, Thisted, Uddevalla, Skien og Loimaa.

### Um 80 fjölskyldur í samstarfi

Mosfellingar komu svo til sögunnar 1972. Norrænt vinabæjasamstarf er samstarf Norræna félagsins og sveitarstjórna í vinabæjunum. Unglingaskiptin og samskipti íbúa vinabæjanna eru mikil, en það fer ekki mikið fyrir þeim. Á hverju ári eru 80 fjölskyldur í samstarfi. Átta unglingar á hverjum stað fara til vinabæjanna og átta unglingar koma. Ár eftir ár eru sextán fjölskyldur á hverjum

stað á kafi í norrænu vinabæjastarfi, áttatíu fjölskyldur alls. Kynnin sem skapast halda ótrúlega lengi.

### Fyrsti unglingshópurinn kom '92

Hugmyndina að unglingskiptunum átti Páll Guðjónsson, þá bæjarstjóri. Hann fékk Stefán Ólafsson þá formann Norræna félagsins í lið með sér og á vinnufundi í Skien haustið 1991 og buðu þeir vinabæjunum að senda tvo unglinga frá hverjum stað í heimsókn í Mosfellsbæ sumarið eftir. Norræna félagið útvegaði gistingu og Mosfellsbær sá unglungunum fyrir leik og starfi. Fyrsti hópurinn kom 1992.

Í dag er Hanna Bjartmars formaður Norræna félagsins í Mosfellsbæ. Tilgangur þess er að efla samskipti íbúa á Norðurlöndunum og veigamikill þáttur í því er atvinnumiðlun ungmenna 18-26, Nordjobb.



Frá hátíðarkvöldverði í Hlégarði



MOSFELLSBÆR

www.mos.is

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Tilnefningar til umhverfisviðurkenninga

Almenningur og fyrirtæki geta tilnefnt þau svæði eða fyrirtæki í Mosfellsbæ til umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar sem þeim finnst skara framúr í umhverfismálum.

Gjaldgengir eru allir garðar, götur, lóðir, stofnanir og fyrirtæki í Mosfellsbæ.

Eyðublöð til tilnefningar má nálgast í þjónustuveri Mosfellsbæjar og á [www.mos.is](http://www.mos.is) eða tilnefna rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar [www.mos.is](http://www.mos.is)

*Umhverfisviðurkenningar verða afhentar á afmæli Mosfellsbæjar, þann 9. ágúst.*

Til að koma til álita við veitingu viðurkenningarinnar þarf svæði eða fyrirtæki að hafa skarað fram úr á einu eða fleiri eftirtöldum sviðum:

- 1. Ásýnd umhverfis** - Hvernig er heildarásýnd umhverfis? Er umhverfi fallett og snyrtilegt?
- 2. Umhirða lóðar** - Hvernig er umhirða á lóðinni sjálfri, er gras slegið vel og reglulega, baklóð?
- 3. Umhirða trjágróður** - Hvernig er umhirða trjágróðurs, er trjágróður vel klipptur og snyrtur?
- 4. Umhirða blóma og beða** - eru blóm vel snyrt og fallett? eru beð vel hirt og laus við arfa?
- 5. Hönnun og skipulagning lóðar** - Er svæði sérstaklega vel hannað, s.s. með tilliti til notkunar eða umhverfisins?
- 6. Ásýnd húsnæðis og bygginga** - Er húsi, bílskúr eða öðrum byggingum á lóðinni vel við haldið?
- 7. Áhersla á umhverfismál** - Er áhersla lögð á umhverfismál, er hugað að úrgangsmálum og mengunarvörnum?
- 8. Staða úrgangsmála og mengunarfarna** - Er úrgangur endurninn, endurnýttur, takmarkaður? eru mengunarfarnir í lagi?

Tilnefningum skal skilað til þjónstuværs Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, fyrir 10. júlí n.k. Einnig má skila tilnefningum með tölvupósti til umhverfisstjóra Mosfellsbæjar á netfangið [tomas@mos.is](mailto:tomas@mos.is) Sérfræðingar bæjarins og umhverfisnefnd Mosfellsbæjar munu í framhaldinu skoða innkomnar tilnefningar og veita viðurkenningu þeim garði/lóð/fyrirtæki sem þeim finnst skara framúr, á afmæli Mosfellsbæjar þann 9. ágúst.

17. júní 2008





## Kirkjufólk úr Lágafellssókn heimsótti Hofsós Skagafjörður sóttur heim

Helgina 18. - 19. maí fór kirkjukór Lágafellssóknar ásamt prestum og organista í heimsókn til Hofsós.


Var ferðin farin m.a. til þess að eiga samfélag með trúbræðrum og -systur fyrir norðan og til þess að treysta gömul tengsl, en sr. Ragnheiður Jónsdóttir, prestur Lágafellssóknar, bjónaði prestakallinu áður en hún var kölluð til Mosfellsprestakalls. Á myndinni má sjá þennan myndarlega hóp sem fór í þessa vel heppnuðu helgarferð norður.



## Ólafur Sigurðsson rekur fyrirtæki í Markholti 2

# Varmás með kennslu- tækni 21. aldarinnar

Varmás var með opið hús á dögnum í húsakynnum sínum í Markholti 2. Þar er að finna nýjustu tækni fyrir kennslustofur og fundarherbergi. Varmás hefur haft umboð fyrir Smart töflur í nokkur ár en það eru gagnvirkar töflur sem hafa verið afar vinsælar meðal skóla og fyrirtækja. Báðir grunnskólar Mosfellsbæjar hafa nýtt sér þessa tækni við góðan orðstýr. „Þessi tækni er gríðarlega þægileg í allri notkun og er að taka við af gömlu kríttöflunum. Hægt er einfaldlega að nota fingurinn til að stjórna tölvunni og skrifa á töfluna auk annarra aðgerða sem einfalda alla kennsluhætti.“ segir Ólafur. Í Varmás má einnig finna svokallaðar rafglósur þar sem hægt er að glósa með penna beint inn í Word auka annarrar tækni sem 21. öldin býður uppá. Sjón er sögu ríkari. Upplýsingar um þessar nýjungar má finna á [www.varmas.is](http://www.varmas.is).



# MOSFELLINGUR

**KEMUR NÆST ÚT 22. ÁGÚST**



## Efemía ráðin skólastjóri Lágafellsskóla

Nýr skólastjóri Lágafellsskóla Efemía Gísladóttir hefur verið ráðin skólastjóri Lágafellsskóla við hlið Jónhönnu Magnúsdóttur. Efemía hefur starfað sem deildarstjóri við Hvolsskóla á Hvolsvelli. Hvolsskóli sinnir öllum grunnskólabörnum Rangaárþings eystra og hlaut á dögunum Íslensku menntaverðlaunin. Efemía lauk B.Ed. prófi frá KHÍ árið 1987 auk diploma í sérkennslufræðum árið 2003. Einnig hefur hún lokið meistaraþrófsverkefni frá KHÍ auk gráðu í stjórnun og forystu í skólaumhverfi frá HR.



## Myndlist og náttúra

Fyrra sumarnámskeiði Myndlistaskóla Mosfellsbæjar lauk fyrir nokkru. Þema námskeiðsins var myndlist og náttúra. Farið var í vettvangsferðir í nágrenninu, náttúran skoðuð og hugurinn látinn finna upp á ýmsu skrítnu og skemmtilegu. Einstök veðurblíða lék við krakkana sem gátu unnið úti alla dagana.



Stelpnahópur ásamt flugmönnum við TF-MOS að loknu útsýnisflug.

## Skrifað undir lóðaleigusamning á Tungubakkaflugvelli til næstu 25 ára

# Flugdagur á Tungubakkavelli

Föstudaginn 6. júní hélt flugklúbbur Mosfellsbæjar flugdag á Tungubakkaflugvelli. Dagskráin hófst á því að nokkrum fötluðum stúlkum var boðið í útsýnisflug. Stelpurnar eru í endurhæfingardvöl á Reykjalandi og voru í skýjunum með þetta framtak flugklúbbsins.

Þá var slegið upp grillveislu og viðstöddum boðnar veitingar meðan nokkrir flugmenn sýndu listir sínir í loftinu.

Formaður Flugklúbbs Mosfellsbæjar, Sigurjón Valsson, og Haraldur Sverrirson bæjarstjóri skrifuðu síðan undir nýjan lóðaleigusamning fyrir svæði flugklúbbsins. Samningurinn gildir til 25 ára, og festir í sessi það skipulag sem nú þegar er á svæði flugklúbbsins.

Stöðug uppbygging hefur verið á svæðinu allt frá stofnun klúbbsins árið 1981, og eru nú um það bil 20 einkaflugvélar geymdar í flugskýlum á flugvöllinum, og félagar klúbbsins eru um 150. Með undirritun lóðaleigusamningsins, er ljóst að ekki verður um frekari fjölgun flugskýla á völlum að ræða, en svæðið í núverandi mynd fest í sessi til framtíðar.

Flugklúbbur Mosfellsbæjar hvetur íbúa í Mosfellsbæ til að koma á völlum og kynna sér starfseminna. Öll fimmtudagskvöld í sumar er boðið upp á kaffi og meðlæti í klúbbhúsinu og oftast er eitthvað um að vera önnur kvöld og um helgar.



Sigurjón Valsson formaður FKM, Haraldur Sverrirson bæjarstjóri, Herdís Sigurjónsdóttir formaður bæjarráðs og Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar.



Í túninu  
**HEI MA**  
29. – 31. ÁGÚST





Hópurinn við Þórbergsetur.

Félag aldraðra í Mosfellsbæ brá sér austur

## FaMos ferðalag

FaMos, félag aldraðra í Mosfellsbæ, fór í þriggja daga ferð austur á land fyrr í mánuðnum. Hópurinn fór m.a. í skoðunarferðir um Jökulsárlón, Þórbergsetur og skoðaði Kálfafellsstaðakirkju svo fátt eitt sé nefnt. Formaður félagsins er Gréta Aðalsteinsdóttir.



7. flokkur á Kaupþingsmóti á Akranesi

## Stóðu sig vel á Skaganum

Þá er hinu árlega Kaupþingsmóti á Akranesi lokið. Þar tóku drengir úr 7. flokki Aftureldingar þátt. Óhætt að segja að strákarnir okkar hafi staðið sig frábærlega vel og verið sjálfum sér, fjölskyldum sínum og félaginu til sóma. Afturelding sendi 5 lið til keppni og stóðu 2 þeirra uppi á vinningaspalli með bikar. Alveg frábær árangur hjá drengjunum. Sérstaklega ber að þakka liðstjórnunum og þjálfurum fyrir frábært og óeigingarnt starf. Það að hafa góða liðstjóra er eitt það dýrmætasta sem við eigum í svona ferð. Einnig er nauðsynlegt að þakka þeim stóra hópi foreldra sem studdu drengina á einn eða annan hátt með t.d. bakstri, samlokum, ávöxtum, drykkjum, áleggi og fleira og fleira. Án góðrar samstöðu foreldra gæti hópurinn ekki tekið þátt í svona stóru móti.

## Kæru vískiptavinir

Ég þakka ykkur ánægjuleg viðskipti undanfarin 27 ár í Mosfellsbæ. Ég er ekki sest í helgan stein heldur hef ég skipt um vinnuumhverfi og starfa nú á hársnyrtistofunni Höfuðlausnum, Hverafold 1-3 í Grafarvogi. Sem betur fer fyrir ykkur er ekki langt að fara og Grafarvogsbúar vinveittir okkur nágrönnum sínum. Því vil ég bjóða ykkur velkomin á nýja staðinn og ég mun hafa hendur í hári ykkar sem fyrr. Tímáptanir í síma 567-6330. Hlakka til að sjá ykkur.



Bestu kveðjur, Ingibjörg



## KÖRFUBOLTA-NÁMSKEIÐ

Sigurður Ingimundarson þjálfari Íslandsmeistara Keflavíkur í körfubolta og landsliðsþjálfari er á leið í Mosfellsbæinn með námskeið dagana 21. - 23. júlí í íþróttahúsinu að Varmá. **Við bjóðum velkomna stráka og stelpur frá 3. - 5. bekk.** Allar nánari upplýsingar í síma 693 4061 eða senda tölvupóst á [svenny21@visir.is](mailto:svenny21@visir.is)



MOSFELLSBÆR

[www.mos.is](http://www.mos.is)

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

## Starfsfólk óskast í Krikaskóla

Leikskólakennarar, grunnskólakennarar og annað starfsfólk óskast

Auglýst er eftir kennurum og öðru starfsfólki til starfa í nýjan leikskóla, Krikaskóla. Um er að ræða stöður deildarstjóra, almennra kennara og aðstoðarfólks. Kjör eru skv. kjarasamningi KÍ og Stamos við LN.

Krikaskóli verður leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 1-9 ára og starfsemin tekur mið af skólafestu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólastarf í leik- og grunnskólum. Fyrsta skólaárið, 2008-09, verða eingöngu leikskólaborðn í Krikaskóla á aldrinum 2ja til 5 ára og verður útibú staðsett í Helgafellslandi, en reiknað er með að bygging skólans ljúki fyrir skólaárið 2009-10.

Áhugasömum er bent á að kynna sér heimasíðu skólans [www.krikaskoli.is](http://www.krikaskoli.is) og senda má inn fyrirspurn og/eða umsókn um starf á netfangið [krikaskoli@mos.is](mailto:krikaskoli@mos.is)

Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri Krikaskóla, Þrúður Hjelm í síma 694-1859 og 578-3400.

Fræðslunefnd



Einar Páll  
Kjærnested,  
Vág íslenskrá



Þorlákur Elt,  
Gönguálfur,  
Vág íslenskrá



Eigna S.  
Guðjónsdóttir



Helga  
Óskarsdóttir



Steina Hóla  
Óskarsdóttir



### Aðaltún - 142,4 m<sup>2</sup> parhús

Mjög fallegt 142,4 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum, með innbyggðum, bílskúr í spærskum stíl við Aðaltún í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er eldhús, stofa, baðherbergi, vinnuherbergi og forstofa, á 2. hæð er sjónvarpshol og þrjú svefnherbergi. Rúmgóður bílskúr og stórt hellulagt bílplan. Stór vesturgarður með fallegu útsýni.  
**V. 42,3 m.**



### Dvergholt - 90,4 fm sérhæð

Vel skipulögð 90,4 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja neðri sérhæð í tvíbýlishúsi við Dvergholt 12 í Mosfellsbæ. Íbúðin er björt og rúmgóð, tvö góð svefnherbergi, stórt baðherbergi m/sturtu. Ur stofu er gengið út á verönd og snyrtilegan garð með miklu útsýni í átt að Esjunni.  
**Verð 24,8 m.**



### Arnartangi - glæsilegt

Mjög fallegt einnar hæðar einbýlishús sem er 219,6 fm að stærð. Húsið hefur verið töluvert endunýjað m.a. þakantur, eldhús, ofnar og gólfefni. 4 rúmgóð svefnherbergi. Glæsilegur garðskáli með kamínu. Góður 38 fm bílskúr og stór og breið innkeyrsla. Húsið er staðsett í lokuðum botnlanga í grónu hverfi og er stutt í alla þjónustu.  
**V.54,9 m.**



### Fálkahöfði - bílskúr

**121,9 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi og sérgarði ásamt 29,2 m<sup>2</sup> bílskúr í góðu fjölbýlishúsi við Fálkahöfða í Mosfellsbæ.** Íbúðin er björt og rúmgóð með stórum herbergjum, stofu, borðstofu, eldhúsi sem er góð göðum borðkróki, baðherbergi sem er baðkeri og sturtuklefa og sér þvottahúsi. Mjög gott aðgengi er að íbúðinni og gengt íbúðinni er bílskúrinn.  
**Verð 32,8 m.**



### Arnartangi - jaðarlóð

**Glæsilegt 172,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með bílskúr á frábærum stað, neðst í botnlanga með sjávarútsýni.** Húsið er steinsteypt 139,6 fm einlyft auk frístandandi 33,2 m<sup>2</sup> bílskúrs. Lóðin er 1.080 fm, mjög gróin og skjólgóð, aðkoma er að sunnanverðu og stór suðurgarður, að norðanverðu er óbyggt svæði og mikið útsýni út á Leirvoginn og Sundin með Esjuna í bakgrunni.  
**Verð 54,9 m.**



### Fellsás - útsýni

**Glæsilegt 184,7 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr.** Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Húsið var allt innréttað á vandaðan hátt árið 2003 og hannað af Péttri Birgissyni, innanúarkitekt. Húsið stendur innst í botnlanga og hátt í landi og er mikið útsýni og víðáttu frá húsinu. Þetta er afar skemmtileg og vel hönnuð eign á flottum stað.  
**V. 56,9 m.**



### Brekkutangi - aukaíbúð.

287,7 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum, auk kjallara með aukaíbúð við Brekkutanga í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er svefnherbergi, eldhús, stofa og gesta WC, auk bílskúrs. Á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og baðherbergi. Í kjallara er geymsla, hol og þvottahús, svo og 3ja herbergja ósamþykkt íbúð með sérinngangi.  
**V. 49,8 m.**



### Furubyggð - frábær staður

**Stórt og rúmgott endaraðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs.** Mjög falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílplan er hellulagt og garður er argirtur og falleg timburverönd fyrir framan stofuna. Þetta er falleg eign í grónu og fríðsælu hverfi í Mosfellsbæ.  
**Verð 41,6 m**



### Bugðutangi - endaraðhús

Fallegt 86,6 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja endaraðhús við Bugðutanga 12 í Mosfellsbæ. Steypt hús á einni hæð á góðum stað í Mosfellsbæ, 2 rúmgóð svefnherbergi, ný upptekið baðherbergi m/sturtuklefa, geymsla, góð stofa, sér eldhús og búr/þvottahús inn af eldhúsi. Stór hornlód með timburverönd og góð aðkoma að húsi.  
**V. 29,9 m.**



### Furubyggð - 112,4 m<sup>2</sup>

Fallegt 112,4 m<sup>2</sup> endaraðhús á einni hæð á stóri hornlód í grónu og fallegu hverfi í Mosfellsbæ. Þetta er vel skipulagð raðhús á tveimur þöllum, hannað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi, sér þvottahús, eldhús með borðkrók og stór stofa/sólstofa.  
**V. 34,9 m.**



### Byggðarholt - 131,5 m<sup>2</sup>

Mikið endurbætt og vel nýtt 131,5 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum í mjög skemmtilegu hverfi í Mosfellsbæ. Á aðal hæð er eldhús, stór stofa, forstofa og hjónaherbergi, en á neðri hæð eru 2-3 rúmgóð herbergi, baðherbergi m/kari og sturtu og hol. Úr stofu er gengið út á stóra afgirta timburverönd í suðvestur. Topp staður, stutt í Varmáskólasvæðið sem og í miðbæ Mos.  
**V. 32,8 m.**



### Grenibýggð - 164 m<sup>2</sup>

Glæsilegt 164 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum, auk risherbergis sem ekki kemur fram í m<sup>2</sup> tólu hússins. Á jarðhæð er eldhús, stór stofa, sólstofa, þvottahús og gesta WC, á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og fallegt baðherbergi og í risi er stórt herbergi. Stórt hellulagt bílplan fyrir framan bílskúr og mjög skjólgóður suðvesturgarður bakatíl.  
**V. 43,9 m.**



### Grundartangi - 223 m<sup>2</sup>

Mjög flott og vandað einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr á glæsilegri lóð með hellulögðu plani, gosbrunn, læk, stórrí afgirtri timburverönd með heitum potti og útigrilli. Húsið teiknaði Kjartan Sveinsson og Stanisla Bohic hannaði löðina.

**V. 65,8 m**



### Langitangi - 171 m<sup>2</sup> einbýli

Mjög fallegt einbýlishús á einni hæð með sambyggtum bílskúr og stórrí og gróinni lóð við Langatanga í Mosfellsbæ. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flisum og granítföröplötu, baðherbergi nýlega endurnýjað með stórum glersturtuklefa, fjögur svefnherbergi, sjónvarpshol, þvottahús gestasalerni, stór stofa og borðstofa með arni og timburverönd og skjólgóður garður.

**V. 54,8 m.**



### Hjallahlíð - 174,6 m<sup>2</sup>

Mjög fallegt tveggja hæða raðhús við Hjallahlíð 13 í Mosfellsbæ. Íbúðin er 149,5 m<sup>2</sup> og bílskúrinn 25,1 m<sup>2</sup>. Á jarðhæð er forstofa, stofa, eldhús, hjónaherbergi, svefnherbergi og gesta WC. Á 2. hæð er sjónvarpshol, 2-3 svefnherbergi og baðherbergi. Stórt hellulagt bílapian með snjóbræðslu og timburverönd í suðurgarði. Frábær staður við skóla, sundlaug og golfvöll.

**V. 45,5 m.**



### Leirutangi - allt sér

**Fallega 92 m<sup>2</sup> neðri sérhæð í litlu fjórþýli við Leirutanga í Mosfellsbæ.** Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi og rými sem er gluggalaust en vel loftræst en það skiptist í gott herbergi, leikrými og geymslu. Hagstætt áhvil. lán (15,5 m. m. 4,95% vöxtum, greiðslub. á mán. um 75 þús).

**Verð 21,5 m.**



### Hjarðarland - 204 m<sup>2</sup>

Mjög glæsilegt 203,9 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni í fállegum botnlanga við Hjarðarland í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er forstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Á efri hæð er stór og glæsileg stofa, sjónvarpshol, svefnherbergi og stórt eldhús m/borðkrók. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og gott bílapian.

**V. 46,8 m.**



### Reykjabyggð - nýtt á skrá

**Glæsilegt og velbyggt 144,- fm einlyft einbýlishús ásamt 53 fm bílskúr sem er nýttur að hluta sem íbúðarrými. Undir bílskúrnum er kjallari 53 fm.** Húsið er því alls 250 fm. 860 fm verðlaunalóð inn í lokuðum botnlanga. Lóðin er með stórrí verönd, heitum potti, stórrí hellulagðri upphitaðri innkeyrslu, grasflöt og fállegum trjágróðri. Húsið er mjög stílhreint með myndarlegum svörtum þakkanti en veggir eru hraunaðir og hvítmálaðir.

**Verð 65 m.**



### Klapparhlíð - 97 fm

**Mjög falleg 97,0 m<sup>2</sup>, 4ra herb. enda íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölþýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ.** Íbúðin er með eikarparketi og mahony innréttingum. Flísalagt baðherbergi m. sturtu og sérþvottahús. Flottur staður, mjög stutt í World Class, Lágafellslaug, Lágafellsskóla og leikskólann Hulduberg.

**Verð 26,5 m.**



### Skeljatangi - 4-5 herbergja

Falleg og vel nýtt 94.2 m<sup>2</sup> Permaform íbúð á 2. hæð í litlu fjórþýlishúsi við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru 3-4 svefnherbergi, mjög flott eldhús með góðum borðkrók, gott baðherbergi og rúmgóð stofa. Þetta er falleg og góð íbúð í vinsælu hverfi í Mosfellsbæ.

**V. 26,5 m.**



### Klapparhlíð - 5 herb.

Falleg 112,6 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu þriggja hæða fjölþýli við Klapparhlíð 28 í Mosfellsbæ. Góð stofa, eldhús með borðkrók, baðherbergi m/sturtu, sér þvottahús, 4 svefnherbergi og geymsla. Mahony innréttingar í eldhús, baði og svefnherbergjum. Frábær staður stutt í Lágafellsskóla svæðið. Flott útsýni til suðurs og austurs.

**Verð 29,4 m.**



### Spóahöfði - neðri sérhæð

Mjög falleg 4ra herbergja neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, með fállegri aðkomu að neðri hæðinni. Íbúðin er 126,3 m<sup>2</sup>, og skiptist í 3 rúmgóð svefnherbergi, lokað eldhús, stóra stofu, flott baðherbergi og sér þvottahús. Flísar og ljóst parket á gólfum. Íbúðinni fylgir 50 m<sup>2</sup> sérafnotaréttur af lóð í suðvestur. Flottur staður, golf, sund, gönguleiðir, skólar og líkamksrækt í göngufæri.

**V. 31,9 m.**



### Klapparhlíð - 4-5 herb.

112,6 m<sup>2</sup> endaíbúð á 2. hæð í nýlegu fjölþýli með opnum stíggangang við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Íbúðin er teiknuð sem 5 herbergja, en er í dag 4ra herbergja, hægt að breyta aftur. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofa og gangur með merbau parketi, flísar á baði og þvottahúsi og korkflísar á forstofu og eldhúsi. Eignin er laus til afhendingar.

**V. 29,9 m.**



### Spóahöfði - 233,5 fm

Stór og rúmgóð efri sérhæð ásamt sér studio íbúð og bílskúr. 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stórt og gott eldhús sem tengist við borðstofu og stofu. Góð staðsetning og glæsilegt útsýni.

**V. 54,5 m.**



### Lágholt - 187,3 m<sup>2</sup> einbýli

Fallegt 187,3 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr við Lágholt 11 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, stofa, borðstofa, gott eldhús m/borðkrók, þvottahús m/bakinngangi og baðherbergi m/kari. Húsið stendur á 862 m<sup>2</sup> lóð á skjólgóðum stað í eldri hluta Mosfellsbæjar. Eignin er snyrtileg og vel viðhaldin, enda aðeins 2 eigendur frá upphafi.

**V. 41,9 m.**



### Súluhöfði - 94,1 fm sérhæð

Sérlega glæsileg 94,1 m<sup>2</sup> neðri sérhæð - jarðhæð, í mjög snyrtilegu og flottu tvíbýlishúsi við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Tvö góð svefnherbergi, stofa, borðstofa, gott eldhús, baðherbergi m/sturtu og þvottahús/geymsla. Mjög stórt hellulagt bílastæði fyrir tvo bíla, góð verönd og afgirt timburverönd með skjólgirðingu. Topp eign á besta stað.

**V. 29,5 m.**

Hanna Símonardóttir nuddari og athafnakona er sífellt að störfum í sjálfböðavinnu fyrir Aftureldingu.

# Lífið er fótbolti

**H**anna er eins og ferskur andblær á góðviðrisdegi í byrjun sumars. Það þarf ekki að vera í návist hennar lengi til að taka eftir því að hún er týpan sem dregur að sér athygli fólks, á öllum götuhornum í bænum var henni heilsað. Hún er líka stórglæsileg og undir yfirborði hennar býr mikill metnaður og kraftur.

Hanna er fædd á Akranesi 11. ágúst 1966 en alin upp í Borgarfirði. Foreldrar hennar eru þau Símon Aðalsteinsson bifvélavirki og Þuríður Jóhannsdóttir. Hún er elst fjögurra systkina þeirra Aðalsteins, Sigurbjargar og Sunnu.

## Bílaverkstæði á Bæ

„Pabbi rak til langs tíma bílaverkstæði á Bæ í Borgarfirði“ segir Hanna er ég spyr hana um æskuárin í Borgarfirðinum. Við vorum ekki með neinn bússkap bara einn kött.

Við systkinin grúskuðum ýmislegt saman og vorum aldrei aðgerðarlaus. Við smíðuðum kofa, bjuggum til torfærubrautir og lékum okkur í allskonar tækjum.

Hjá Ungmennasambandi Borgarfjarðar var boðið upp á mjög öflugt íþróttastarf og við systkinin fórum öll að æfa frjálsar íþróttir og tókum þátt í keppnum víða um land. Við fórum líka í æfingaferðir til Danmerkur og frá þessum tíma eigum við góðar minningar.

## Lærði bifvélavirkjun

Á sumrin sem barn vann ég oft í gróðurhúsunum hjá afa mínum og ömmu að Laufskálum, en á unglingsárunum þá fór ég að vinna hjá pabba og gerði það meira og minna til tvítugs.

Ég gekk í barnaskóla að Kleppjárnreykjum en tók 10. bekk í heimavist að Reykholti.

Ég sótti um í Fjölbraut í Breiðholti og fékk inni og skráði mig á íþróttabraut, hvað annað segir Hanna hlægjandi. Eftir tvö ár í fjölbraut skipti ég yfir í Iðnskólann og lærði bifvélavirkjun.

Ég hef alltaf haft gaman af bílum og keppti stundum með pabba í Rally, einnig starfaði ég mikið fyrir Bifreiðaiþróttaklúbb Reykjavíkur.



## MOSFELLINGURINN

## Stór fjölskylda

Ég kynntist manninum mínum Einari Þór Magnússyni bifvélavirkja í kringum bílaíþróttirnar. Við eigum fjögur börn þau Magnús Má 19 ára, Agnesi Eir 16 ára, Anton Ara 14 ára og Patrik Elí sem er 12 ára.

Við bjuggum fyrst í fjögur ár í Kópavoginum áður en við fluttum á Kjalarnesið en þar bjuggum við í ellefu ár. Þar var alveg frábært að búa með lítil börn og ég sakna víðáttunnar þaðan.

Börnin okkar byrjuðu öll ung að æfa íþróttir hjá Aftureldingu og flest tvær íþróttagreinir. Á tímabili var þetta orðið þannig að dagarnir voru meira og minna farnir í það að aka börnunum á æfingar. Við hjónin ákváðum því að flytja nær æfingasvæði barnanna og fluttum í Mosfellsbæinn árið 2004.

## Heimavinnandi í 14 ár

„Ég var heimavinnandi í 14 ár eða frá því að fyrsta barnið fæddist“ segir Hanna. Það leiddi til þess að það hefur alltaf sótt mikill fjöldi barna heim með mínum krökkum. Heimilið var stundum eins og umferðamiðstöð segir hún hlægjandi. Mér finnst frábært að þekkja til vina barna minna og eiga tíma með þeim. Áhugamál mitt númer eitt, tvö og þrjú eru börnin mín, allt sem ég geri með þeim er skemmtilegast af öllu.

„Við fjölskyldan höfum tekið að okkur að vera stuðningsfjölskylda um helgar fyrir börn í Mosfellsbæ sem þurfa á því að halda. Þetta eru yndisleg börn og virkilega gaman að fá að taka þátt í þeirra lífi,“ segir Hanna.

## Lærður nuddari

„Ég ákvað svo að drífa mig í skóla og Nuddskóli Íslands varð fyrir valinu og ég útskrifaðist þaðan árið 2004. Ég starfa sem nuddari hálfan daginn í dag og er með aðstöðu hér heima sem eru algjör forréttindi,“ segir Hanna. Ég sá líka möguleikana í því að geta flutt starfið með mér hvert sem ég færi. Ég hef alltaf hugsað vel um heilsuna og nýt þess að veita fólki vellíðan.

## Sumarhús á Spáni

En hvenær skildi þessi orkumikla kona taka sér frí?

Fjölskyldan á hlut í sumarhúsi á Spáni, þangað reynum við að fara helst á hverjum vetri til að hlaða batteríin. Á sumrin fórum við aldrei því þá er fótbolta tímabilið í gangi hér heima.

Við höfum oft farið á leiki á Spáni og keyrum þá til Madrid og látum ekkert á okkur fá þó ferðalagið taki í heild sinni 22 klukkustundir, það er þess virði.

## Áfram Afturelding

Þegar elsti strákurinn minn byrjaði í fótbolta hjá Aftureldingu þá fór ég strax að taka mikinn þátt í starfinu í kringum knattspyrnueldina.

Ég hef oft sagt á síðustu árum að „lífið sé fótbolti“ enda snýst allt okkar heimilishald um æfingar, leiki, búningaþvott, fjáraflanir og endalaust starf fyrir félagið.

Ég sat í stjórn knattspyrnueldarinnar í tvö ár en þó ég sitji þar ekki lengur þá er gríðarlega mikil vinna sem fer í þetta og hún er mjög svo gefandi annars væri ég ekki að þessu.

## Fararstjóri og mamma

Á sumrin hef ég farið síðustu átta ár með Önnu vinkonu minni sem fararstjóri og mamma í Bobby Charlton fótboltaskólann í Englandi. Þangað fórum við með 60-100 krakka í 10 daga á vegum ÍT ferða. Það er alveg rosalega gaman að vera þarna úti með krökkunum og hitta þá svo aftur hér heima út um allar jarðir.

## You'll never walk alone

Ég spyr Hönnu hvort hún eigi ekki sitt uppáhaldsfótboltið erlendis? Jú svo sannarlega segir Hanna, það er Liverpool. Í fyrra fórum við vinkonurnar til Aþenu til að sjá Liverpool spila úrslitaleik sem væri nú ekki frásöguferandi nema væri þær sakir að við stoppuðum einungis í sólarhring. Dagurinn fór allur í leikinn en við náðum þó að skreppa aðeins upp á Acropolis hæðina og nutum útsýnisins.

Á flugvellinum kynntumst við stuðningsmanni Liverpool frá Suður Afríku. Þessi maður er búin að bjóða okkur og fjölskyldum okkar í grill heim til sín ef við verðum á ferðinni þegar heimsmeistaramótið fer fram í heimalandi hans árið 2010 og ég vona svo sannarlega að það eigi eftir að verði að veruleika segir þessi kraftmikla og lífsglaða kona að lokum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni



Fjölskyldan saman, Magnús Már, Hanna, Einar Þór, Anton Ari, Patrik Elí og Agnes Eir.



6 ára stúlkusnót.



Vinkonurnar Hanna og Anna á Liverpool leik í Grikklandi.



## Frístundaráðgjafi/-leiðbeinandi í frístundastarfi á Kjalarnesi

Frístundamiðstöðin Gufunesbær starfrækir frístundaheimili og félagsmiðstöð á Kjalarnesi fyrir 6 - 16 ára börn og unglinga. Leitað er eftir starfsmanni sem hefur náð 20 ára aldri og getur unnið skapandi og skemmtilegt uppeldisstarf með fyrrnefndum aldurshópi næsta vetur og sumar. Um er að ræða fullt starf í afleysingu til eins árs.

### Leitað er að fólki með reynslu og áhuga á:

- Skapandi starfi með börnum og unglingum
- List- og verkgreinum, s.s. tónlist, myndlist, leiklist, smíði og textil
- Íþróttum og leikjum
- Útivist og umhverfismennt
- Barna- og unglingalýðræði

Starfið veitir mjög góða reynslu fyrir fólk sem hefur áhuga á samskiptum, uppeldi, sálfræði og skapandi starfi. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um starfið í síma 520 2300 hjá Huldu V. Valdimarsdóttur, deildarstjóra unglingastarfs, hulda@itr.is og Þóru Melsted, deildarstjóra barnastarfs, thora.melsted@rvk.is. Umsókn skal skilað til [www.rvk.is/storf](http://www.rvk.is/storf).

Umsóknarfrestur er til 17. júlí 2008

Laun eru skv. Kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

## Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.



# JARÐMÓTUN

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur [elias@jardmotun.is](mailto:elias@jardmotun.is)

## VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkornustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20  
270 Mosfellsbæ  
Sími: 566 8200-566 8201  
Fax: 566 8202  
Netfang: [nybil@centrum.is](mailto:nybil@centrum.is)



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

ÞAÐ SEM TIL ÞARF



# VGH

## MOSFELLSBÆ

### Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

[www.mos.is](http://www.mos.is)



MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

# ÁGÆTI HUNDEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á [www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglar](http://www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglar))

### 4.gr - Almenn um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



OPÍÐ: virka daga 11:00-18:00 og eftir samkomulagi

gsm 894 1825 [www.simnet.is/essinn](http://www.simnet.is/essinn) [essinn@simnet.is](mailto:essinn@simnet.is)

ALHLIÐA INNROMMUN  
MERKING OG MYNDA SAUMUR

GJAFAVÖRUR Í ÚRVALI



## Davíð Svansson til liðs við Fram

Markmaðurinn góðkundi Davíð Svansson sem hefur spilað með Aftureldingu frá barnsaldri mun leika með Fram næsta tímabil. Davíð skrifaði undir þriggja ára samning við Aftureldingu á dögunum en verður lánaður til Fram næsta tímabil. „Það er mikilvægt fyrir mig að spila í efstu deild, en vonandi kem ég til baka á næsta ári og spila aftur með Aftureldingu í efstu deild að ári.“ Davíð bankar nú hressilega á landsliðsdyrnar og því mikilvægt fyrir hann að vera í góðri æfingu og spila meðal þeirra bestu. Afturelding féll úr efstu deild á síðasta tímabili og það er því höndum Bjarka Sig og félagi að endurheimta það sæti eftir komandi vertíð.

## Tvennt í Knattspyrnskóla KSÍ

Anton Ari Einarsson, markvörður 4. flokks í knattspyrnu, var fulltrúi félagsins í Knattspyrnskóla KSÍ, sem stóð yfir á Laugarvatni í síðustu viku. Til skólans var boðið 24 drengjum frá jafnmörgum félögum fæddum 1994 og eru þeir við æfingar undir stjórn Freys Sverrissonar þjálfara U16 ára landsliðsins pílta. Skammt er síðan að Heiðrún Sunna Sigurðardóttir úr 4. flokki kvenna var í samskonar skóla fyrir stúlkur á Laugarvatni. Afturelding hefur ævinlega átt einn þátttakenda af hvoru kyni í skólanum sem er afar jákvætt.

31 keppandi frá Aftureldingu tók þátt á Gogga sem fram fór í 18. sinn

# Stórmót Gogga galvaska

Stórmót Gogga galvaska í frjálsum íþróttum fyrir 14 ára og yngri fór fram í 18. sinn um helgina á Varmárvelli í brakandi blíðviðri. 236 keppendur frá 13 félögum tóku þátt í skemmtilegri keppni. Þrjú Goggamet voru sett, í 800 m hlaupi stelpna, hástökki telpna og 4 \* 100 m boðhlaupi telpna. Eitt Íslandsmet var sett í kringlukasti stráka. Lið ÍR hlaut flest stig samanlagt.

31 keppandi var frá Aftureldingu og í sjö greinum voru þeir í verðlunasæti. Arnór Breki Áspórssón náði fyrsta sæti í langstökki hnokka, stökk 4.16 m og þriðja sæti í 600 m hlaupi á 2:03.54. Agnar Davíð Halldórsson náði öðru sæti í 800 m hlaupi pílta, er enn að bæta sig með tímann 2:24.49. Þæjan Eva Rut Áspórsdóttir átti annað lengsta boltakastið í sínum flokki 18.16 m og hnokkinn Axel Óskar Andresson átti einnig annað lengsta boltakastið í sínum flokki 40.52 m. Viktor Sindri Smárasón náði þriðja sæti í boltakasti polla, kastaði 17.40 m. Þá náði boðhlaupssveit Aftureldingar í hnokkaflokki þriðja sætinu á tímanum 1:08.60.



## 4. flokkur karla í knattspyrnu í viku í Árósum

Víkuna 3. – 10. júní dvaldi 4. flokkur karla í knattspyrnu við æfingar í Árósum í Danmörku. Æft var tvisvar á dag auk þess sem margt var gert til dægrastyttingar. Þá léku strákarnir æfingaleiki við dönsk félagslið og stóðu þeir þeim dönsku ekkert að baki. Á meðan á ferðinni stóð var einstök veðurblíða á Jótlandi og nutu strákarnir veðurblíðunnar í kvívetna og voru duglegir við æfingar. Ljóst er að þessi ferð mun skila miklu á Íslandsmótinu í sumar og stykja hópinn á alla lund, jafnt líkamlega sem félagslega.

Strákarnir söfnuðu fyrir ferðinni sjálfir að mestu leyti með því að taka að sér ýmis verkefni s.s. léttu vinnu við þökkun hjá Reykjalundi plastiðnaði, við útburð dagblaða og dreifibréfa, hreinsun bæjararnis og með marþonknattspyrnu í tvisgang. Er bæjarbúum þakkaður stuðningur við strákana og ferð þeirra.



 **EIGNAMIÐLUN**  
Mosfellsbæ



Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali



Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali



Egilína S. Guðgeirsdóttir



Hilur Ólafsdóttir



Stella Hrónn Ólafsdóttir

10 ár  
í Mosfellsbæ



Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · S. 586 8080 · fax 586 8081 · www.fastmos.is, www.eignamidlun.is · Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali

## Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá JAKO

NAMO ehf.  
Guðríðarstíg 6-8  
113 Reykjavík



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is

# Hallur Birgisson formaður meistaraflokksráð kvenna Stefnun á fjórða sæti

„Við erum þokkalega sátt við árangurinn til þessa en því er ekki að leynd að stefnt var að sigri á Fjölni og HK/Víkingsi en úr þeim leikjum náðist aðeins jafntefli. Það hefði breytt miklu að fá sex stig úr þeim leikjum í stað tveggja,” segir Hallur Birgisson, formaður meistaraflokksráðs kvenna í knattspyrnu spurður um gengi kvennaliðs Aftureldingar í Landsbankadeild kvenna. Þegar sjö umferðir eru að baki er Afturelding í fjórða sæti með 8 stig en aðeins þrjú stig skilja Aftureldingu frá neðsta liðinu svo að ljóst er að framundan er hörð keppni áfram um að halda sæti í deildinni. Til þessa hefur Afturelding unnið tvo leiki, gert tvö jafntefli en tapað þremur viðureignum.

## Vörnin sterk og markvarslan góð

„Okkar vandi hefur meðal annars legið í því að okkur vantar markaskorara til þess að vinna jafna leiki eins og til dæmis gegn HK/Víkingsi



Tekið við viðurkenningu fyrir bestu stuðningsmenn í fyrsta þriðjung Landsbankadeildarinnar

og Fjölni. Vörnin er hins vegar mjög traust hjá okkur og markvörðurinn, Brett Maron, er frábær. Við höfum ekki fengið á okkur nema sex mörk í sjö leikjum sem sýnir vel hversu sterk vörn okkar er. Hins vegar höfum við ekki skorað nema fjögur mörk og út frá þeirri staðreynd er hreint ótrúlegt að liðið skuli vera í

fjórða sæti,” sagði Hallur og undirstrikar að markmiðið sé skýrt: „Við ætlum að halda okkur í fjórða sætinu, það verður ekki gefið eftir.”

Meistaraflokkur kvenna og 3. flokkur kvenna kom heim á þriðjudaginn eftir að hafa verið í viku við æfingar á Írlandi. Tveggja vikna hlé var gert á keppni í Landsbankadeildinni vegna landsleikja og þar með tækifærið notað til æfingafærðar. „Í ferðinni var hópurinn hrisstur vel saman og ég vona að það skili sér í næstu leikjum,” sagði Hallur Birgisson.

Næsti leikur meistaraflokksliðs Aftureldingar verður á morgun, laugardag, við Stjörnuna í Garðabæ í bikarkeppni KSÍ og VISA.

## Bestu stuðningsmenn og tvær í úrvalslið

Tveir leikmenn Aftureldingar voru valdir í úrvalslið fyrsta þriðjungs Landsbankadeild kvenna. Leikmennirnir sem um er að ræða er eru Brett Elizabeth Maron, markvörður, og Sophia Andrea Mundy. Þá þóttu stuðningsmenn Aftureldingarliðsins hafa skorað framúr í hvítvetna og voru deildinni færðar 100.000 kr. verðlaun fyrir vikið frá Landsbanka Íslands. Í rökstuðningi valnefndar segir m.a.; „Stuðningsmenn Aftureldingar hafa vakið verðskuldaða athygli á fyrsta ári félagsins í Landsbankadeild. Þeir hafa staðið þétt við bakið á sínu liði, sýnt stuðning sinn í verki, komið þrúðmannalega fram og verið félagi sínu til mikils sóma. Peningarnir renna til barna- og unglíngastarfs knattspyrnudeildarinnar.



Brett Elisabeth Maron Sophia Andrea Mundy



Gareth O'Sullivan þjálfari

# FÓTBOLTA-SUMARIÐ

Ívar Benediktsson blaðamaður fer yfir gang mála í fótboltanum þar sem meistaraflokkur kvenna spilar í Landsbankadeild og meistaraflokkur karla í 2. deild.



## NÆSTU HEIMALEIKIR

**Þriðjudagur 1. júlí kl. 19:15**

Afturelding - Fylkir

**Föstudagur 4. júlí kl. 20.00**

Afturelding - ÍR



## Ekkert spilað á grasvellingum

Hvorki meistaraflokkur karla né kvenna ætla að leika á grasvellingum að Varmá í sumar. Völlurinn er ekki boðlegur til knattspyrnu að mati þjálfara beggja liða og mikil hætta er á meiðslum sé leikið á honum. Meistaraflokkur kvenna lék nýlega tvo leiki í Landsbankadeildinni á vellinum og verða það einu leikirnir sem fram fara á vellinum í sumar.

## Allir heimaleikir á gervigrasi

„Mikil hætta er á alvarlegum meiðslum leikmanna eins og völlum er og þess vegna leikum við ekki fleiri leiki á grasvellingum að Varmá í sumar. Þess í stað verða allir heimaleikir okkar á gervigrasinu,” sagði Hallur Birgisson, formaður meistaraflokksráðs kvenna í samtali við Mosfelling. Ólafur Ólafsson, þjálfari meistaraflokksráðs karla, tekur í sama streng og Hallur og segir völlum ekki vera boðlega eins og hann er nú. Hann vakti einnig athygli á ástandi vallarins fyrir ári síðan en talaði fyrir daufum eyrum.

## Krafist úrbóta

„Þetta er ekki óskastaða en við verðum að sætta okkur við að leika á gervigrasvellingum þótt það falli andstæðingum okkar og KSÍ ekki í geð. En við reynum bara að leiða þessa stöðu hjá okkur og einbeita okkur að því að standa okkur vel á vellinum í sumar,” segir Ólafur. Hallur segir það var kröfu sína að farið verði að vinna í úrbótum á vellinum hið fyrsta svo hann verði tilbúinn fyrir næsta sumar. „Þegar við erum komnir með lið í úrvalsdeild í knattspyrnu þá verður aðstaðan að vera í lagi,” segir Hallur.

## Ólafur Ólafsson þjálfari meistaraflokks karla

# Ætlum upp um deild

„Það má segja að okkur hafi gengið framur vonum, við höfum gert eitt jafntefli og unnið sex leiki í fyrstu sjö umferðunum,” sagði Ólafur Ólafsson, þjálfari meistaraflokksliðs Aftureldingar í karlaflokki. Eins og Ólafur nefnir þá hefur Aftureldingarliðið leikið vel það sem af er sumri og er í fyrsta sæti með 19 stig eins og ÍR eftir sjö leiki, er fjórum stigum á undan Víði Garði sem er í þriðja sæti.

## Mun sterkara lið en í fyrra

„Þetta er hins vegar langt mót með 22 leikjum og því geta veður skjótt skípast í lofti en stefna okkar er skýr, það er að fara upp í 1. deild,” segir Ólafur og bætir við að liðið sé bæði sóknar- og varnarlega sterkara en í fyrra, ekki síst sóknarlega. „Paul Clapson hefur leikið mjög vel með okkur og skorað drjúgt og sömu sögu má segja um Rannver Sigurjónsson,” segir

Ólafur en þess má til gamans geta að Clapson er markahæstur í deildinni eftir sjö umferðir með 10 mörk og Rannver er í 3.-4. sæti með 6 mörk.

## Stemning á heimaleikjum

„Þegar vel gengur inni á vellinum þá er alltaf auðveldara að vinna í kringum liðið og andinn innan þess verður alltaf léttari. Einnig er rétt að taka það fram að umgjörðin í kringum liðið hefur batnað mikið þar sem margir leggja hönd á plóginn sem er breyting til batnaðar frá síðustu árum. Þá hefur mikil og góð stemning verið á heimaleikjum okkar til þessa sem hefur hjálpað mikið upp á um leið og Mosfellingar hafa fjölmennt á leikina. Þessi góði andi hefur að sjálfsögðu smitast út til leikmanna,” segir Ólafur Ólafsson, þjálfari meistaraflokksliðs Aftureldingar í knattspyrnu.

## MEISTARAFLOKKUR KARLA





Ungir tónleikagestir með fána á lofti með hlóm-sveitin The Nellies leikur af fingrum fram.

## MúsMos útitónleikar fóru fram í Álafosskvos í blíðskaparveðri þann 14. júní Fánadegi fagnað í Kvosinni

Útitónleikar voru haldnir í Álafosskvos í tilefni af svokölluðum Fánadegi 12. júní sem var nokkurs konar þjóðhátíðardagur Álfyssinga í tíð gömlu ullarverksmiðjunnar. Íbúar í Álafosskvos og félagar í Varm-ársamtökunum stóðu að hátíðinni með stuðningi Mosfellsbæjar. Mosfellskir tónlistarmenn létu ljós sitt skína og veðrið lék við tónleikagesti. Meðal þeirra sem komu fram voru: The Nellies, Gummzter, Sleeps like an angry bear, Shogun, Bob Gillan og Ztrandverðirnir, Shorty, Furry Strangers, Hreindís Ylva.

Frábært tækifæri fyrir unga tónlistarmenn að koma sér á framfæri og án efa eigum við eftir sjá fleiri viðburði.



Hressar stelpur í sjoppunni.



Atburðurinn vakti athygli unga fólksins.



Gaui litli festir tónleikana á filmu.



Álfyssingarnir Biggi og Hrefna létu sjá sig.



Bongó blíða í Kvosinni. Hreindís Ylfa að loknum flutningi sínu.



Fáni Álfyssinga blaktir við hún og ástin blómstrar í Mosfellsbæ.

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

# Steinteppi & epoxy gólfefni



ARININN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



## SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is



## Hörður á landsmót

Hestamannafélagið Hörður sendir að sjálfsögðu fulltrúa á landsmótið sem fram fer á Hellu næstu helgi. Nýverið fór fram úrtökumót eða svokallað gæðingamót Harðar. Öll helstu úrslit er að finna á heimasíðu hestamannafélagsins [www.hordur.is](http://www.hordur.is)



## ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



## Græna byltingin

Fyrir einhverjum mánuðum síðan fékk ég „grænu tunnuna“ svokölluðu. Á sama tíma losaði ég mig við aðra „ruslatunna“ og ákvað að kanna það hvernig sú samsetning kæmi út. Það er ekki að sökum að spyrja, sú græna fylltist fljótt af dagblöðum, mjólkurhyrnum, niðursuðudósum, plastbúðum, pappaboxum af ýmsu tagi og svo mætti lengi telja. Gamla hefðbundna ruslatunna stóð eftir hálfót. Ég hvet alla húseigendur til að fá sér „grænu tunnuna“ og vera iðna við að flokka rusl. Ferðum mínum í Sorpu hefur verulega fækkað. Þangað fer ég einungis með þetta hefðbundna gler/ál/plast.

Vistvæn



5 drengir í U-17 forval fyrir Norðulandamótið

## Efnilegir blakarar

NM unglunga í blaki verður haldið í Falköping í Svíþjóð í september. Valinn hefur verið 24 manna hópur unglunga alls staðar af að landinu í U-17 forval og á Afturelding 5 fulltrúa þar inni. Fulltrúar Aftureldingar eru: Arnór Snær Guðmundsson, Geir Jóhann Geirsson, Guðmundur Vignir Þóðarson, Kristján H. Carrasco og Þorgrímur Sigurðsson. Þessir drengir hafa farið í einar æfingabúðir með hópnum og um næstu helgi mun hópurinn hittast aftur og eftir þá helgi verður 12 manna hópurinn tilkynntur. Ísland er með undanþágu frá hinum Norðurlöndunum því við fáum að senda unglunga sem eru á 18 ári þó svo að hópurinn eigi að heita U-17.

U17 þjálfari Íslenska drengjalandsliðsins er Zdravko Demirev og honum til aðstoðar Martin Raditchkov. Báðir hafa þeir mikla reynslu í þjálfun og hafa búið á Íslandi í hartnær 10 ár og spilað og þjálfað blak hér á landi. Blakdeild Aftureldingar er mjög stolt af strákunum okkar og sannfærð um að viðmun eiga marga fulltrúa á næstu árum í unglingalandsliðum Íslands í blaki því við erum með frábæran hóp.

### Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



## Tjaldvagnaleiga Mosfellsbæjar ehf.

Klapparhlíð 3, 270 Mosfellsbæ  
sími 864 21 90

tjaldmos@simnet.is

www.simnet.is/tjaldmos



PÖNTUNARSÍMI:  
566 6090



## Gallerí Þóru á Hvirfli

Opið eftir samkomulagi.  
Símar 5667098 og 8200320.  
Mikið úrval listmuna.

# Opið

allan sólarhringinn



Við erum við Esso stöðina  
Háholti í Mosfellsbæ,  
Reykjavíkurvegi Haf.  
og í Bæjarlind Kóp.

- miðstöð bilaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! Sími 544 4540



...að Víðir Víðis sé að verða pabbi.

...að séra Jón láti af störfum í haust og flytji með Sigríði Önnu konu sinni til Kanada þar sem hún verður sendiherra.

...að Mosfellingurinn Eggert Sólberg sé orðinn varaformaður SUF, sambands ungra Framsóknarmanna.

...að Sigurbjörn á Kiðafelli, oddviti Kjósarhepps hafi fagnað fimmtugs afmæli á dögumum

...að Reynir Árna handboltakappi sé búinn að eignast strák.

...að Ingibjörg sé hætt á Pílus og sé farin að klippa utan bæjarmarkanna.

...að strákarnir í meistaraflokki hafi gert veðmál við stuðningsmenn. Ef þeir ná ekki 23 stigum úr fyrri umferð mótsins þurfa þeir að grilla ofan í bæjarbúa fyrir utan krónuna.

...að Svanni Einars sé byrjaður að vinna hjá Einari Páli á Eignamiðlun.

...að stjórnublaðakonan Ruth Örnólfs hafi haldið glæsilega fertugsveislu.

...að bæjarlistamaður Mosfellsbæjar verði valin á bæjarhátíðinni í tóninu heima en ekki á 17. júní eins og áður. Auk þess hafa listamannalaunin verið hækkuð úr þrem í fjögurra mánaða laun.

...að golfarinn Maggi Lár hafi slasað sig í fótbolta á dögumum og spili því ekki meira golf á þessu tímabili.

...að elsti köttur Mosfellsbæjar sé orðinn 20 ára og við góða heilsu.

...að Kaffi Kjós fagni 10 ára afmæli á morgun, laugardag og mun Eyjólfur Kristjánsson mæta með gítarinn.

...að Svanur í Svans-sjoppunni hafi orðið sextugur í vikunni.

...að Efemía Gísladóttir verði ráðin skólastjóri Lágafellsskóla. Hún starfaði áður við Hvolsskóla.

...að Valdimar Leó sé meira í því að slökkva elda en að kveikja þá. Hann starfar nú sem framkvæmdastjóri landssambands slökkvilið- og sjúkraflutningamanna.

...að Mosfellingur sé farinn í sumarfrí og komi næst út fyrir bæjarhátíðina í tóninu heima.

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

## Skúli Ármanns er fyrstur Íslendinga til að sigra atvinnubardaga í þungavigt Rotaði andstæðinginn í 2. lotu

Boxarinn Skúli Ármannsson keppti sinn fyrsta boxbardaga á dögumum sem atvinnumaður. Skúli hefur æft box í 10 ár en Skúli er 25 ára gamall. Mótherji hans var Caleb Nelson og fór bardaginn fram í Minnesota í Bandaríkjunum þann 7. júní. Skúli fór illa með mótherja sinn gerði sér lítið fyrir og sigraði með rothöggi í 2. lotu.

Skúli hefur skrifað undir þriggja ára samning sem boxatvinnumaður og er því ævintýrið rétt að byrja. Skúli æfir stíft þessa dagana og býr sig undir næsta bardaga sem fer fram í ágúst.

Það verður því spennandi að fylgjast með þessum unga Mosfellingi stíga sín fyrstu spor í atvinnumennskunni. „Stefnan er tekin á toppinn“ segir Skúli kokhraustur eftir fyrsta bardagann sem gefur honum vissulega ástæðu til þess að líta björtum augum á framhaldið.

Það er kostnaðarsamt æfa og undirbúa sig undir atvinnubardaga og vill Skúli koma á framfæri þökum til Gísla í Dalsgarði sem hefur staðið dyggilega við bakið á honum.



Skúli gefur Nelson einn á lúðurinn. Skúli er stoltur Mosfellingur og ber pósthúmerið á stuttbuxunum.



Skúli og fylgdarliðið að loknum bardaganum. Skúli, Þorri mágur hans og Ármann pabbi. Á bakvið sést svo í Bill sem er einn af þjálfurum Skúla.



Gísli rósbóndi í Dalsgarði hefur styrkt Skúla myndarlega til æfingaferða.

## Í eldhúsinu

HJÁ HELGU, NÍNU OG ÍSAKI

### Kjúklingaréttur

Helga Kristjánsdóttir er ásamt börnunum sínum Nínu og Ísaki matgæðingur okkar að þessu sinni.

Þessi uppskrift er mjög einföld en góð segir Helga, ég fékk hana hjá Auði Huld frænku okkar og við höfum notað hana mikið.

Sætar kartöflur settar í botn á eldföstu móti Spinat síðan sett yfir kartöflurnar Kjúklingabringum síðan dreift yfir mótíð Fetaostur síðan settur yfir kjúklinginn og öll olían með.



Eldað í ofni á 180° í eina klst. Bragðast vel með grjónum og Nan brauði.

Gleðilegt sumar





Sjóvá kvannahlaup ÍSÍ í Mosfellsbæ 7. júní

# 1300 konur hlupu

Þær létu rigninguna á sig fá konurnar sem hlupu í kvannahlaupinu í Mosfellsbæ. Metþáttaka var að þessu sinni en um 1300 konur hlupu.



Klara Klængs tók fljótlega forystuna í flokki eldri kvenna á Hlaðhömrum.



Konurnar létu rigninguna ekkert á sig fá.



Tekið var á móti konunum með rós

## Tvítugsafmæli Púla fagnað

Kötturinn Púli mun vera elstur katta í Mosfellsbæ um þessar mundir. Hann hélt upp á tuttugu ára afmæli sitt þann 6. júní s.l. og af því tilefni var honum boðið að mæta á fund Bæjar-rónafélagsins í Mosfellsbæ, þar sem rónarnir sungu yfir honum afmælissönginn. Á myndinni er hann í fanginu á heimilislækni sínum, Helga Sigurðssyni en við hliðina á þeim er forseti Bæjarrónanna, Davíð B. Sigurðsson. Púli fékk síðan hátíðarkvöldverð heima hjá sér, en það voru rækjur, sem honum finnst sælgæti. Hann hefur alla ævi sína búið í Teiga-hverfi, fósturforeldrar hans eru Elfa Guðmundsdóttir og Gylfi Guðjónsson.



Dúettin Hljómur á Hellishólum í Fljótshlíð  
VERZLUNARMANNAHELGIN 2008



**MOSFELLINGUR**  
NÆST 22. ÁGÚST

## ÞÚ SÆKIR

**HULK tilboð** - 18" pizza með 3 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2 L Coke.

Bíómiði á stórmyndina The incredible HULK fylgir með á meðan birgðir endast. 400 miðar í boði í Mosó.

**2990 kr.**



Þverholti 2, Kjarna  
Sími: 55-44444



HRÓI BÝÐUR MOSFELLINGUM A HULK

# SPURNING TIL BÆJARBUA

Hverjir vinna EM?  
(Spurt á miðvikudag)



**SELMA:** Spánn




**ARNÓR:** Þýskaland




**HEIDRÚN OG HREFNA:**  
Rússland



**VILLIUS:** Rússarnir



**ÁRNIR:** Spánn



**FIFFI:** Rússland




tre amigos



Viddi kambur



Með Sjonna



Þrjár á palli



Júlli frændi



Seigur á túbunni



Frændurnir Hebbi og Goggi



Konný og Gunni



Lestin er að fara

## HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Bahama..... eyja.....



This is my life



Allt fyrir ástina



Nýgíft á hæðinni



Úlfurinn í skýjunum



Hvað er í gangi?



Surpriiiiiisssseeee!!!!



Galtalækur 2008



Göngu-Gunni



Djónsarinn og stelpurnar



Sveitir í Sverige



Thorsarinn

mosfellingur@  
mosfellingur.is

### TVÍFARAR



**BJÖRN** (Þráinn)



(Ís) BJÖRN



**LEIFUR GUÐJÓNS**

**HVER HEFUR SINN DJÖFUL AÐ DRAGA**



Em í beinni  
Tilboð  
á barnum



# MOSÓ LEGENDS

Það er nú einu sinni þannig að Mosfellsbær er fullur af allskonar goðsögnum eins og það heitir á íslensku. Á ensku heitir það legend og á frönsku heitir það légende. Mér fannst því tilvalið að fjalla um nokkra sem mér finnst vera fagmenn á sínu sviði.

**Steven Segal a.k.a. Sígaullinn, Lesbien Seagaul, Stebbi máfur.** Sígaullinn er án vafa harðasti babarinn sem hefur birtst á skjánum frá upphafi. Hann er þekktur fyrir að brjóta hendur og lemja tjongara. Stalone og Schwarzenegger eru bara hárkollur við hliðina á Seagaulnum enda tæki hann þá upp í mosfellsbakarí og gæfi þeim yvolga, mjúka og nýbakaða crossianta ef svo bærin undir.

**Jóhann Kristinn Jónson a.k.a. Jói Jóns, Jói í Dalsgarði, Afjói, Buttbraker.**

Eins og margir vita var Afjói afi minn (Prándur). Íslandsmeistari í rósarækt og einn fyrsti íslendingurinn til þess að rækta salat. Hann var einnig heimsfrægur fyrir sín öflugra rassa-spörk, og var hann með þvítika tækni við þá iðju. Einskonar brús lí þessarar bardagaþróttar. Hann var líka þekktur fyrir hluti eins og að kveikja í sér og sínum eignum alveg óvart. Hann keyrði um á hvítu lödunni sinni með stefnuljósið á, undantekningarlaust. Þegar Jói kom keyrandi inn afleggjarnan heyrðust köll á borð við: "Afjói er að koma passið ykkur!!!"

**Annað ledgend er náttúrulega Óli a.k.a. Ílan, Íló minn, Íló sinn, Lói lítli, Kvasí.** Íló minn er ógeðslegur leðurhómi sem fæddist með próteindunk í annari, flöskuna í hinni og kryppu á bakinu (hann er blessunarlega laus við kryppuna). Íló finnst gott að refsa flöskunni en þess á milli refsar hann valgerði og öðrum handlóðum. 200 kg í bekk?

**Skúli a.k.a. Ice man, Ice cream, Oddzasleggjufabrikann, Skúli Þjé.** Fagmannur þegar kemur að því að rota fólk. En hann er hættur að berja fólk nú til dags nema að hann fái borgaði fyrir það. Skúli er venjulega ljúfur eins og Odd-sinn, en þegar honum eru boðnar gull og grænir skógar myndi hann ekki hika við að berja flesta. Jafnvel vini og ættingja.

Prándsinn...  
Ledgent?

## SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

### Íbúð til leigu

4ra herb íbúð við Lágafellsskóla til leigu. Uppl í síma 6910657.

### Íbúð til leigu

3 herb íbúð til leigu.  
Laus 1. sept. langtímaleiga uppl. í síma 6901666 Stefán

### Íbúð óskast til leigu

Lítill íbúð óskast. Langtíma leiga, fyrirframgreiðsla. Albert, Sími 8666684.



### Stolið hjól

Hjól var stolið frá Íþróttamiðstöðinni að Varmá. Eigandi þess saknar þess mjög mikið. Vinsamlegast hafið samband í síma 822-3333/699-9999 ef þið hafið einhverjar uppl. um það.

### iPod fannst á reiðgötu

Hvítur nano iPod fannst á reiðgötunni við gagnfræðaskólann. Ef einhver kannast við hann má hann hafa samband við Margréti í síma s. 5666 571.

Tekið er á móti smáauglýsingum á netfangið: [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

Ég hef hafið störf sem bílasali á bílasöluinni 100bilar, Funahöfða 1 í Reykjavík. Gamli sem nýjir viðskiptavinir ávallt velkomnir - alltaf sama góða skapið.



### Love all - serve all

Sigurður Valgeir s. 6919916



Mánudaga: lokað  
Þriðjudaga-fimmtudaga: 17-01  
Föstudaga og laugardaga: 13-03  
Sunnudaga: 13-01

## Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

# ÍSHAMAR

## Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357  
s. 894-0006 (Gunnar) - [ishamar@ishamar.is](mailto:ishamar@ishamar.is)



## BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

### TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NÝJIR HLUTIR
- VIKTUREIMAR
- BREMSUKLOSSAR

- TÍMAREIMAR
- SMURSIUR
- PERUR

- KERTI
- HREINSIFNI
- OLJUR



GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - [WWW.BILAPARTAR.IS](http://WWW.BILAPARTAR.IS)



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040



## Viltu betri heilsu? Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir  
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ  
Sími: 869 9913  
[betriheilsa.is/ragga](http://betriheilsa.is/ragga), [raggasj@gmail.com](mailto:raggasj@gmail.com)



## Góður sölumaður óskast



Erum að markaðssetja nýja þjónustu á Íslandi.  
**Góð sölupóknun í boði.**

Upplýsingar í sínum 660-7777 og 697-8627.



S. 55 44444  
Pverholti 2  
Kjarna

# MOSFELLINGUR

GK  
Snyrtistofa

Kjarna  
Pverholti 2  
Sími: 534 3424



## Fjallkonan fríð

17. júní hátíðarhöld fóru fram með hefðbundnum hætti í Mosfellsbæ. Veðrið lék við þjóðhátíðargesti eins og sjá má á myndinni þar sem félagar úr Leikfélagi Mosfellsveitar bregða á leik.

Mynd/Hilmor



### Rituhöfði

Fallegt 167 fm. parhús á einni hæð við Rituhöfða. Flott lóð með hellulögnum og varmalögnum undir. Fallegur garður. Innbyggður bílskúr. Tvö baðherbergi og vandaðar innréttingar. Sólballur með skjólveggjum. **V. 43,9 m.**



**588 55 30**

**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Grétar J. Stephensen**  
löggiltur  
fasteignasali  
861-1639



### Bjargartangi

Fallegt og mikið endurnýjað 191 fm einbýlishús á frábærum stað með tvöföldum bílskúr. Húsið skiptist í fjögur góð svefnherbergi, baðherbergi, mjög gott eldhús, þvottahús, gestasalerni, stofu og borðstofu, stóra verönd. **V. 49,9 m.**



### Litlikriki

Efst í hlíðum Krikahverfisins. Tvö falleg og vel skipulögð 195 fm raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð. Hiti í gólfum. Flottar teikningar. Húsið stendur ofan götu og er skógræktarsvæði í hlíðinni ofan við húsið. Flott staðsetning. **V. 40,9 m.**



### Leirutangi

Sér garður og inngangur. Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór- býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus í júlí. **V. 22,9 m.**



### Krókabyggð

Glæsilegt 221 fm parhús á tveimur hæðum á stórrí og fallegri lóð. Húsið skiptist í þrjú svefnh, glæsilegt baðherbergi, sjónvarpsstofu, stofu, eldhús, gestasalerni, þvottahús og 34,5 fm bílskúr. Stórar svalir eru á efri hæð með heitum potti. **V. 49,9 m.**



### Svöluhöfði

Hagstætt áhvilandi lán. Fallegt og vel skipulagt 209 fm einbýlishús á einni hæð og vel innréttað í alla staði Vandað hús í einu vinsælasta hverfi bæjarins. Áhv. 19 millj, kr. lán frá íbúðalánasjóði.



### Prastarhöfði

Falleg 128 fm íbúð á jarðhæð með hellulagðri verönd með skjólveggjum, bílageymslu og sér inngang. Flottar innréttingar og góður frágangur. Fjögur svefnherbergi. **V. 36,9 m.**

Þjónusta við Mosfellinga í 19 ár

Áttu eftir að selja - Höfum öflugan kaupendaskrá -  
**Berg fasteignasala þjónustar þig!**